

Mál nr. 141/2002

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (A)
og
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar verktaka (B)**

Skemmdir á bifreið þann 26.09. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.06. 2002.
2. Skýrslur lögreglu og afrit ljósmynda.
3. Bréf málskotsaðilans til lögreglu, dags. 12.10. 2000.
4. Bréf málskotsaðilans, dags. 26.04. 2002 og 31.05. 2002.
5. Bréf vátryggingafélags A, dags. 23.05. 2002.
6. Bréf vátryggingafélags B, dags. 29.05. 2002.
7. Bréf Sambands íslenskra tryggingafélaga, dags. 05.06. 2002.
8. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 02.07. 2002.
9. Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 08.07. 2002, þar sem hjálagt fylgdi afrit bréfs félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 13.05. 2002, tölvupóstur vátryggingartaka til félagsins, dags. 27.09. 2000 og ljósmyndir lögreglu af bifreiðinni.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 453 og 487/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þá umfjöllun er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt. Bifreið málskotsaðila, var að líkindum ekið í poll af málningu sem B hafði verið fenginn til að hreinsa upp þann 26.09. 2000, þannig að skemmdir urðu á bifreiðinni. Ágreiningur er um bótaskyldu.

Vátryggingafélag B telur ósannað hvenær tjónið varð en ekki komi fram í gögnum málsins um að starfsmenn B hafi verið byrjaðir að hreinsa götuna á þeim tímapunkti. Félagið telur líklegast að rekja megi tjónið til ábyrgðar þess aðila sem missti málningu niður á götuna.

Vátryggingafélag A vísar til þess að samkvæmt dagbók lögreglu hafi verið tilkynnt um málningu á götunni 1 klst. áður en óhappið varð. Hafði lögregla samband við hverfastöð borgarinnar sem tók málið að sér. Hafi verið kallaður út vatnsbíll frá B til þess að þvo götuna. Mun tjónið hafa orðið áður en náðst hafi að hreinsa götuna. Félagið telur ósannað að rekja megi tjónið til saknæmrar hegðunar A, vanrækslu við hreinsun götunnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem A beri skaðabótaábyrgð á. Verði ábyrgð ekki byggð á öðru en sakargrundvelli. Félagið vísar og til tómlætis málskotsaðila (tjónþola) því eitt og hálf ár hafi liðið frá því að bótaskyldu var hafnað þar til málinu var skotið til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.

Málskotsaðilinn telur “miðað við fyrirliggjandi gögn” að fá tjónið á bifreiðinni bætt að fullu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að tjón hafi orðið á umræddri bifreið er henni var ekið framhjá bifreið B sem vann við hreinsun götunnar. Fyrirliggjandi gögn þ.e. skýrslur lögreglu styðja þá niðurstöðu.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um að til álita hafi komið hjá starfsmanni B hvort ekki ætti að loka götunni á meðan hreinsun færi fram, hann hafi fengið lítinn frið vegna tillitsleysis vegfarenda. Telja verður að það hafi verið misráðið að loka ekki götunni. Það mun hafa verið ákvörðun starfsmanns A að loka ekki götunni á meðan vegna þess að “það hefði ekki tilgang

því meðan beðið væri eftir búkkum og aðstoð lögreglu þá væri líklega búið að aka svo í málninguna að hún væri þá komin víðar um götuna...“

Þegar tekið er mið af framanrituðu telur nefndin að bótaábyrgð séð fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér liggja fyrir, vegna þess tjóns sem varð á bifreiðinni. Það var óvarlegt af aðilum að loka ekki götunni á meðan hreinsun fór fram eða grípa til annarra fyrirbyggjandi ráðstafana t.d. að takmarka umferð um svæðið. Þessa var ekki gætt og því er bótaábyrgð fyrir hendi.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann bifreiðar málskotsaðila og ekki hefur verið upplýst um hvaða aðili það var sem missti málninguna á götuna.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér liggja fyrir.

Reykjavík 16. júlí 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.